



# Sjálfstætt fólk

- ◆ Sagan er eftir Halldór Laxness.
- ◆ Hún kom út á árunum 1934 – 1935.



# Sögusviðið

- ◆ Sagan gerist á Jökuldalsheiði á Norð – Austurlandi.
- ◆ Kaupstaðurinn í sögunni er líklega Vopnafjörður eða Seyðisfjörður.
- ◆ Við Sænautavatn á Jökuldalsheiði hefur verið endurgert gamalt heiðarbýli. Þar má sjá yfir ríki Bjarts.
- ◆ Heiðarbýlissögur Jóns Trausta og Heiðaharmur Gunnars Gunnarssonar gerast á svipuðu sögusviði.



# Sögutími

- ◆ Sagan gerist á 25 – 26 árum, ævi Ástu Sóllilju.
- ◆ Raunverulegir atburðir eru margir, í byrjun sögu stofna bændur Kaupfélög og sögunni lýkur á byltingu verkamanna í Rússlandi og kreppu sem hrekur Bjart af jörðinni.
- ◆ Kaupfélög voru stofnuð 1882 en kreppan skall á 1930, þetta eru 50 ár en sagan gerist á 25 árum, athugið þetta.



# Sögutími framhald

- ◆ Sögutíminn lýtur því lögmálum skáldsögunnar og er færður að ritunartíma.
- ◆ Hægt er að hugsa sér að sagan hefjist skömmu eftir aldamót og ljúki milli 1925 og 30. Þetta er ágiskun.
- ◆ Ekkert sem snýr að sjálfstæðisbaráttunni er nefnt í sögunni, hvers vegna?



# Persónur

- ◆ Bjartur og fólkið í Sumarhúsum.
- ◆ Rauðsmýringar.
- ◆ Kotbændur í sveit og á heiði.
- ◆ Aðrir sem varpa ljósi á örlög þessa fólks með samanburði við eigin lífskjör.



# Átök í sögunni

- ◆ Sagan er raunsæissaga og þess vegna er í henni „augljós” stéttamunur.
- ◆ Bjartur og Rauðsmýringar takast á en þau átök eru býsna sérkennileg og ójöfn.
- ◆ Bjartur tekst einnig á við eigin fjölskyldu, einkum Ástu Sóllilju.
- ◆ Innri átök og uppgjör einkenna sálarlíf Bjarts í sögulok.



# Ímyndir í sögunni

- ◆ Bjartur er fulltrúi þeirra kotbænda sem halda að sjálfstæðið sé allt undir þeim sjálfum komið og eigin dagnaði.
- ◆ Rauðsmýringar eru fulltrúar framfara og nýjunga en hvers vegna fá ekki allir notið afraksturs erfiðis síns?
- ◆ Rauðsmýrarmaddaman er fulltrúi gamalla erfðalyga og drottunar stórbænda.



## Ímyndir í sögunni, 2

- ◆ Gunnvör og Kólumkilli eru fulltrúar þeirra afla sem brjóta bæ bónda hverju sinni. Miklu skiptir að þekkja óvin sinn en það gerir Bjartur ekki í upphafi sögu.
- ◆ Konur og börn eru fulltrúar þess mannlífs sem býr við hungur, kulda, einsemd og menntunarskort og verða leiksoppar í átökum megin afla sögunnar.





## Ímyndir í sögunni, 3

- ◆ Nonni litli er fulltrúi þeirra afla sem vilja fegra og bæta mannlífið, söngur hans hefur táknræna merkingu og Nonni skynjar hlutverk sitt í fegursta söng heimsins. Ævintýri móður hans undirbúa þennan lífsskilning hans.
- ◆ Að mati Nonna litla var samliðunin með Ástu Sóllilju á jörðinni æðsti tilgangur lífsins.
- ◆ Ásta Sóllilja er fulltrúi ástar og kærleika og andstæðu þess: svika, vonbrigða og kúgunar.



# Þrjú meginefni sögunnar

- ◆ Baráttan Bjarts við allt og alla fyrir sjálfstæði .
- ◆ Baráttan Ástu Sóllilju fyrir ástinni.
- ◆ Baráttan Rauðsmýringa og baráttan við Rauðsmýringa.

Hvert þessara söguefna á sér eigið þema.



# Þrjú þemu sögunnar

- ◆ Sjálfstæði er undir því komið að þú vinnir sjálfum þér en ræktir ekki akur óvinnarins óaðvitandi.
- ◆ Að elska og vera elskaður.
- ◆ Leiðtogar og hugsjónir þeirra. Hverjir vinna að almannatheill og hverjir í eigin þágu.



## Tvívættur boðskapur

- ◆ Í sögulok kemur fram að Bjartur skilur hvers vegna hann hefur misst allt. Hann telur að ný kynslóð verkamanna eigi að hefna sín. Sonur hans fyllir þann flokk.
- ◆ Kærleikur, ást og samlíðun með smælingjum er sterkur boðskapur í sögunni. Það vekur flestum andstyggð við lesturinn þegar líðan og tilfinningar sögupersóna eru vanvirtar.

# Sjálfstætt fólk

Til baka